

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 21. desember 2000

um breytingu á ákvörðun 95/232/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipun ráðsins 69/208/EBE til að ákvarða hvaða skilyrði frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfi að uppfylla

(tilkynnt með númeri C(2000) 4023)

(Texti sem varðar EES)

(2001/18/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 98/96/EB<sup>(2)</sup>, einkum 12. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/232/EB<sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun 1999/84/EB<sup>(4)</sup>, var innleidd tímabundin tilraun með sérstökum skilyrðum í þeim tilgangi að setja skilyrði sem frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfa að uppfylla. Henni á að ljúka 31. desember 2000.
- 2) Á þeim tíma sem tilraunin hefur staðið hafa aðferðir við ræktun slíks fræs þróast, einkum með tilliti til karlófrjósemi.
- 3) Enn hefur hvorki verið hægt að draga ályktanir né setja endanleg skilyrði sem frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfa að uppfylla.
- 4) Það er því æskilegt að framlengja tímabil yfirstandandi tilraunar í þeim tilgangi að meta hvort breytingar skuli gerðar á ákvæðum bandalagsins síðar meir.

5) Brynt er að samfelldni tilraunarinnar verði ekki rofin.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um frá og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað „31. desember 2000“ í 3. og 5. mgr. 5. gr. ákvörðunar 95/232/EB komi „30. júní 2002“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. desember 2000.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB L 154, 5.7.1995, bls. 22.<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB L 27, 2.2.1999, bls. 31.